SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

2024
ÁRSSKÝRSLA

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu er stærst aðildarfélaga BSRB og þriðja stærsta stéttarfélag landsins. Félagsfólk er um 16 þúsund talsins.

SAMEYKI

Ábyrgðarmaður Kári Sigurðsson
Ritstjóri Axel Jón Ellenarson

EFNISYFIRLIT

4 → Um Sameyki

5 → Þjónusta við félagsfólk

6 → Starfsemi skrifstofu

7 → Stjórn

8 → Trúnaðarmannaráð

10 → Félagsfólk

11 → Kjaramál

13 → Útgáfu- og kynningarmál

14 → Styrktar- og sjúkrasjóður

15 → Fræðslusjóðir

16 → Sjóðir

18 → Fræðslustarf

19 → Trúnaðarmannafræðsla

20 → Orlofssjóður

22 → Nefndir og ráð

24 → Fulltrúar í nefndum og ráðum

UM SAMEYKI

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu var stofnað 26. janúar 2019 við sameiningu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR stéttarfélags í almannaþjónustu. Félagsfólk er um 16 þúsund talsins að meðtalinni lífeyrisdeild Sameykis og er félagið stærst aðildarfélaga BSRB og þriðja stærsta stéttarfélag landsins.

Markmið og hlutverk

Að efla og bæta störf opinbers starfsfólks í gegnum kjarasamninga, ásamt að auka vitund um réttindi launafólks sem starfar á opinberum vinnumarkaði.

Gildi

Að vinna að hagsmunamálum félagsfólks, standa vörð um réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.

Framtíðarsýn

Að standa vörð um opinber störf og stuðla enn frekar að upplýsingu og þekkingu félagsfólks og alls almennings um mikilvægi og nauðsyn opinberra starfa, ásamt að efla samstarf við verkalýðsfélög opinberra starfsmanna á Norðurlöndum og á alþjóðavísu.

ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSFÓLK

Sameyki býður félagsfólki sínu fjölbreytta þjónustu með áherslu á bætt starfsskilyrði, tryggt atvinnuöryggi og margvíslega aðra þjónustu sem varðar heilsu, menntun, réttindi, orlofskosti, lögfræðiaðstoð o.fl.

Helstu þjónustuþættir við félagsfólk í Sameyki fela í sér:

Laun og réttindi

Félagsfólk á rétt á þeim kjörum sem kveðið er á um í kjarasamningum sem Sameyki gerir við atvinnurekendur. Þessir samningar ná til atriða eins og vinnutíma, veikindaréttar, yfirvinnu, orlofs og vaktavinnu. Félagsfólk er hvatt til að hafa samband við félagið ef það telur að kjarasamningi sé ekki fylgt.

Mennta- og starfsþróunarstyrkir

Sameyki styður símenntun með því að veita styrki fyrir ýmiss konar nám, þar á meðal tölvu- og tungumálanámskeið, framhaldsskólanám, lífsleikninámskeið, ráðstefnur og háskólagjöld. Félagsfólk getur sótt um þessa styrki í gegnum „Mínar síður“ Sameykis.

Stuðningur og veikindastyrkir

Félagið veitir styrki til félagsfólks sem getur ekki unnið vegna veikinda eða slysa og hefur tæmt veikindarétt sinn á vinnustaðnum. Að auki getur félagsfólk fengið hluta kostnaðar endurgreiddan vegna heilbrigðismála, þar á meðal tannlæknaþjónustu, gleraugna, sjúkraþjálfunar, sálfræðiþjónustu, krabbameinsskimana og líkamsræktarkorta.

Orlofshús

Sameyki á 58 orlofshús víðs vegar um landið og á Spáni nærri Alicante og á Tenerife. Félagsfólk getur leigt þessi orlofshús á hagstæðu verði í orlofsfríum. Umsóknir um orlofshús á háannatímum, eins og sumrin og um páska, fara fram í gegnum Orlofshúsavef félagsins.

Lögfræðiaðstoð og ráðgjöf

Félagsfólk hefur aðgang að lögfræðiaðstoð og ráðgjöf vegna vinnumála til að tryggja að réttindi þeirra séu virt og vernduð.

STARFSEMI SKRIFSTOFU

Þjónusta við félagsfólk Sameykis er grunnur starfseminnar

Eins og undangengin ár hefur starfsfólk Sameykis tekist á við mörg verkefni en markmiðið með starfinu er alltaf að veita félagsfólki þjónustu. Starfsemin byggir á miklum samskiptum við félagsfólk í tengslum við kjara- og réttindamál, rekstur sjóða félagsins og orlofskerfisins auk annarra fjölbreyttra verkefna.

Starfsfólk skrifstofunnar sér um allt félagsstarf og viðburði hjá Sameyki, s.s. fundi stjórnar Sameykis, Trúnaðarmannaráðs, stjórna sjóða og nefnda og allra deilda innan félagsins. Stofnun ársins er líklegast stærsta einstaka árlega verkefnið hjá starfsfólki sem krefst mikils undirbúnings en virkilega vel hefur tekist til í undirbúningi og framkvæmd. Félagið er stórt og vaxandi en fjöldi félagsfólks er orðinn um 16 þúsund að lífeyrisdeildinni meðtalinni.

Orlofsmálin eru stór þáttur í starfsemi félagsins og stöðugt er verið að bæta orlofskerfið og efla. Auk þess að halda kerfinu gangandi með um 80 orlofshúsakostum þegar allt er talið hefur starfsfólk unnið að undirbúningi uppbyggingar nýrra orlofshúsa á landi Sameykis við Úlfljótsvatn en fyrstu húsin verða tekin í notkun á haustmánuðum 2025. Stöðugt er unnið að því að bæta framboð út um land og fjárfest var í íbúð á Egilsstöðum sem tekin verður í notkun á næstunni, auk þess sem horft hefur verið til þess að auka hagræði við rekstur kerfisins.

Félags-, fræðslu- og kynningarmál eiga stóran sess í starfsemi félagsins. Áður hefur verið minnst á Stofnun ársins en fjöldi annarra viðburða var haldinn á árinu, s.s. fundir með félagsfólki um allt land, trúnaðarmannaráðsfundir o.fl. Heilmikið umfang er vegna fræðslu til félagsfólks og þá fá trúnaðarmenn fræðslu við hæfi og starfsfólk einnig. Glæsilegt tímarit Sameykis kemur út ársfjórðungslega auk orlofsblaðs og ársskýrslu. Mjög mikil og góð upplýsingagjöf er einnig á vefmiðlum félagsins.

Vinna við kjarasamninga var mjög fyrirferðarmikil á árinu en henni eru gerð góð skil í sérstakri grein frá deildinni í ársskýrslunni. Starfsfólk allt á sérstakar þakkir skildar fyrir gott vinnuframlag í tengslum við kjarasamninga en reyndin hefur verið sú að á þeim tíma sem kjarasamningaviðræður eru í gangi eykst álag mjög á alla þætti starfseminnar.

Utanumhald sjóða hefur verið í traustum farvegi en lagt hefur verið kapp á að einfalda alla ferla, bæði félagsfólki og starfsfólki til tímasparnaðar. Stöðugt er fylgst með stöðu sjóðanna svo hægt sé að bregðast við breyttri þjónustuþörf eða neikvæðum rekstri strax og þörf er á.

Á árinu kom starfsfólk skrifstofu félagsins sér saman um samskiptasáttmála þar sem útgangspunkturinn er að starfsfólk allt komi fram hvert við annað af virðingu og fagmennsku. Auk þess var samþykkt EKKO-viðbragðsáætlun fyrir vinnustaðinn en þar kemur fram að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða önnur ótilhlýðileg háttsemi verður ekki umborin á vinnustaðnum. Það er mikilvægt á öllum vinnustöðum að ræða opinskátt um samskipti og framkomu og öll sú vinna sem lögð hefur verið í þetta hefur skilað sterkari einstaklingum og almennt meiri skilningi á mikilvægi góðra og heilbrigðra samskipta. Óverulegar breytingar urðu á hópi starfsfólks á skrifstofunni en í lok árs 2024 voru 20 manns starfandi á skrifstofu Sameykis.

“

Það er mikilvægt á öllum vinnustöðum að ræða opinskátt um samskipti og framkomu ...

STJÓRN SAMEYKIS

Fastir fundir stjórnar eru annan og fjórða hvern þriðjudag frá hausti til vors en stjórn fundar oftar ef þurfa þykir.

Stjórn Sameykis kom saman með formlegum hætti í 33 skipti árið 2024. Fundir stjórnar eru alla jafna haldnir á skrifstofu félagsins á Grettisgötu 89 í Reykjavík og alltaf er opið fyrir að stjórnarfólk geti tekið þátt í fundum með rafrænum hætti. Fastir fundir stjórnar eru annan og fjórða hvern þriðjudag frá hausti til vors. Ekki eru skipulagðir fundir hjá stjórn frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst og ekki er haldinn fundur í lok desember. Fastir skipulagðir fundir stjórnar eru því 19 en stjórn fundar oftar ef þurfa þykir.

33 fundir á árinu

Fastir fundir stjórnar eru annan og fjórða hvern þriðjudag frá hausti til vors.

Árið 2024 var heilmikil áskorun fyrir stjórn Sameykis, ekki síst fyrir þær sakir að í upphafi árs voru allir kjarasamningar félagsins lausir og því mikil vinna á árinu í samningaviðræðum og samningagerð. Ekki verður annað sagt en að nokkuð vel hafi gengið að semja en í heild eru í gildi 16 kjarasamningar hjá Sameyki auk þess sem 150 stofnanasamningar eru virkir.

Formanns- og stjórnarkjör fór fram á árinu lögum félagsins samkvæmt. Uppstillingarnefnd gerði tillögu að formanni og stjórn sem lögð var fyrir Trúnaðarmannaráð sem staðfesti hana. Engin mótframboð bárust og því fór kosning ekki fram í aðdraganda aðalfundar. Tillaga uppstillingarnefndar var staðfest á aðalfundi þar sem fimm nýir einstaklingar tóku sæti í stjórn.

Nokkrar breytingar urðu á skipan stjórnar á haustmánuðum. Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis gekk úr stjórn í október. Í samræmi við lög félagsins tók Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður við formennsku í félaginu og Kári Sigurðsson var kjörinn af stjórn til að taka við hlutverki varaformanns.

Stjórn Sameykis er skipuð fólki með víðtæka reynslu og þekkingu

Ása Guðmundardóttir
Bryngeir A. Bryngeirsson
Egill Kristján Björnsson
Herdís Jóhannsdóttir
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir
Kári Sigurðsson
Jón Brynjarsson
Kristín Erna Arnardóttir
Ólafía L. Sævarsdóttir
Rut Ragnarsdóttir
Styrmir Jónasson Olsen
Suzana Vranjes
Svanhildur Steinarsdóttir

TRÚNAÐARMANNARÁÐ

Hlutverk og ábyrgð trúnaðarmanna

Trúnaðarmenn og stjórn Sameykis mynda saman Trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru um 330 talsins, eru helsta tenging félagsins við vinnustaðina og sinna þeir því afar mikilvægu grasrótarstarfi. Allt félagsfólk getur boðið sig fram sem trúnaðarmenn.

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsfólks og Sameykis og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, sem gagnast í lífi og starfi. Hlutverk Trúnaðarmannaráðs felst einnig í að fjalla um þau málefni sem snerta störf og líf félagsfólks ásamt að standa fyrir fræðslu og upplýsingagjöf um þau þjóðfélags- og samfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og gagnast í störfum trúnaðarmanna.

Einnig er á ábyrgð trúnaðarmanna að fjalla um kjara- og réttindamál starfsfólks á vinnustöðum, og miðla öðrum af þekkingu sinni um kjarasamninga sem hafa verið gerðir á opinberum vinnumarkaði.

Fundir í Trúnaðarmannaráði voru alls sex á árinu 2024. Trúnaðarmannaráðsfundunum var skipt upp á árinu eftir ósk trúnaðarmanna, fyrir ríki og sjálfseignarstofnanir annars vegar, og Reykjavíkurborg og sveitarfélög hins vegar. Á öllum fundum var venjulega boðið upp á streymi fyrir fjarstadda. Það auðveldar félagsfólki á landsbyggðinni og öðrum þeim sem ekki geta mætt að taka þátt í störfum ráðsins.

Stefna Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsfólks á vinnustöðum og mikilvæg tenging við félagið. Markmiðið er að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameykis og vinna að hagsmunum félagsfólks verði ávallt til fyrirmyndar.

Stofnun ársins 2023

Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn þann 16. febrúar en titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnun hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna.

Valið er byggt á svörum rúmlega 16 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu óskar stjórnendum og starfsfólki Stofnana ársins og Fyrirmyndarstofnana innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

Stofnun ársins 2023
– ríki

90 starfsmenn eða fleiri
1. Fjölbrautaskóli Suðurnesja
2. Vínbúðin – Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
3. Fjölbrautaskólinn við Ármúla

40–89 starfsmenn
1. Þjóðskrá Íslands
2. Menntaskólinn á Ísafirði
3. Menntaskólinn á Egilsstöðum

Færri en 40 starfsmenn
1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga
3. Jafnréttisstofa

Stofnun ársins 2023
– borg og bær

50 starfsmenn eða fleiri
1. Vesturmiðstöð
2. Álftamýrarskóli
3. Skrifstofa velferðarsviðs

25–49 starfsmenn
1. Hitt Húsið
2. Leikskólinn Álftaborg
3. Rafræn miðstöð

Færri en 25 starfsmenn
1. Félagsmiðstöðin Sigyn
2. Frístundaheimilið Frostheimar
3. Félagsmiðstöðin Ársel

Stofnun ársins 2023
– sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannaþjónustu

1. Heilsustofnun NLFÍ

SAMEYKI

FÉLAGSFÓLK

Virkt félagsfólk í Sameyki taldist 14.015 um síðustu áramót og í lífeyrisdeild Sameykis eru 2.293. Í heildina er félagsfólk samtals 16.308. Meðalaldur félagsfólks er 38,1 ár. Karlar eru sem fyrr aðeins yngri en konur en meðalaldur þeirra er 37,3 ár og kvenna 38,6 ár.

63%
Konur

Fjöldi kvenna í Sameyki eru 8.814 eða 63% allra.

37%
Karlar

Fjöldi karla í Sameyki eru 5.201 eða 37% allra.

Aldursdreifing félagsfólks

Aldur	Karl	Kona	Samtals	Uppsafnaður fjöldi
<20	1,24%	1,82%	3,06%	3,06%
20-29	12,96%	22,09%	35,05%	38,11%
30-39	9,28%	12,40%	21,68%	59,79%
40-49	5,29%	9,25%	14,53%	74,32%
50-59	4,20%	8,96%	13,16%	87,48%
60-69	3,88%	8,06%	11,94%	99,42%
>70	0,26%	0,31%	0,58%	100,00%
Samtals	**37,11%**	**62,89%**	**100,00%**	**100,00%**



Samsetning starfandi eftir vinnustað

Félagsfólk sem starfar hjá Reykjavíkurborg er samtals 5.206 einstaklingar eða 37,1% alls félagsfólks í Sameyki. Félagsfólk sem starfar hjá ríki eru 4.942 einstaklingar eða 35,3% alls félagsfólks í Sameyki.

KJARAMÁL

Sameyki gerði 16 kjarasamninga á árinu 2024 fyrir um 15.400 félagsmenn; við ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og opinber hlutafélög innan SA. Þá gerir Sameyki kjarasamninga við Strætó bs., Faxaflóahafnir, Isavia, Fríhöfnina, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Ás styrktarfélag og ýmsar sjálfseignarstofnanir. Auk þessa gerir Sameyki stofnanasamninga við allar stofnanir ríkisins sem eru rúmlega 150.

Kjaradeild Sameykis kemur einnig að starfsmati starfsfólks hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Heimsóknir félagsfólks á skrifstofu félagsins voru fjölmargar á árinu og aðstoðaði kjaradeild erlent félagsfólk við yfirferð á ráðningarsamningum og veitti umsagnir vegna atvinnuleyfisumsókna, hvort sem um framlengingu atvinnuleyfa eða ný atvinnuleyfi var að ræða. Þá er hlutverk kjaradeildar einnig að leysa úr ýmsum málum er varða réttindi félagsfólks, skyldur þess o.fl. sem tengist vinnuveitendum og réttindum samkvæmt kjarasamningum.

Kröfugerðin fyrir kjarasamningana sem gerðir voru á árinu mótaðist í kjölfar fundar sem haldinn var í Trúnaðarmannaráði í desember 2023. Í framhaldi voru trúnaðarmenn einstakra hópa fengnir til að vinna við mótun krafna í kjarasamningunum, m.a. um launakjör og réttindi, samfélagsmál, húsnæðismál, styttingu vinnuvikunnar og lengd kjarasamninga. Lagt var upp úr hvað þætti mikilvægast fyrir þær kjarasamningsviðræður sem fram undan voru.

Sameyki gerði kjarasamning við Isavia ohf. í framhaldi af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði þann 7. mars 2024. Sameyki og Félag flugmálastarfsmanna ríkisins vísuðu kjaradeilu sinni til ríkissáttasemjara 8. apríl 2024 eftir árangurslausar viðræður. Kjaraviðræður hófust á milli aðila 13. september 2023 og kom Sameyki til viðræðnanna 19. febrúar 2024. Þá höfðu verið haldnir 11 fundir milli FFR og Isavia og SA. Félögin lögðu fram sameiginlega kröfugerð 25. mars 2024, en skrifað var undir kjarasamning tveimur sólarhringum fyrir boðuð verkföll sem samþykkt voru 2. maí 2024 með tæplega 90 prósentum greiddra atkvæða.

Kjaradeilu við ríkið var vísað til ríkissáttasemjara 23. apríl 2024. Undir kjarasamningi Sameykis við ríkið starfa um 4500 manns. Samninganefndir Sameykis og ríkisins héldu 28 fundi áður en kjarasamningar náðust aðfaranótt 13. júní 2024. Kjaradeilum Sameykis og Reykjavíkurborgar var einnig vísað til ríkissáttasemjara 30. apríl 2024.



Kjarasamningar

Sameyki gekk frá 15 kjarasamningum á árinu 2024 fyrir rúmlega 15.000 af félagsfólki hjá hinum ýmsu launagreiðendum.

Þjónusta

Kjaradeild Sameykis sinnir margvíslegri þjónustu til félagsfólks og vinnuveitenda:

2800 rafræn erindi afgreidd

6240 úthringisímtöl afgreidd

416 heimsóknir félagsfólks

Verkefni

Umsjón með kjarasamningsgerð og gerð stofnanasamninga. Umsjón með starfsmatskerfinu fyrir störf innan Reykjavíkurborgar. Umsjón með birtingu kjarasamninga í heildarútgáfu á vef Sameykis.

Skipulag

Samkvæmt skipulagi er kjaradeild Sameykis sjálfstæð eining sem heyrir undir verkstjórn deildarstjóra kjaradeildar. Í deildinni starfar fagfólk í kjaramálum og sinnir erindum sem varða kjararéttindi félagsfólks.

Undir kjarasamningi Sameykis og Reykjavíkurborgar starfa um 5100 manns og lá mikið undir að ná saman kjarasamningi. Haldnir voru samtals 20 fundir með samninganefndum Sameykis og Reykjavíkurborgar en skrifað var undir kjarasamning aðfaranótt 13. júní 2024. Sameyki fór í samfloti með öðrum bæjarstarfsmannafélögum innan BSRB til kjarasamningsviðræðna við Samband íslenskra sveitarfélaga. Undir þann kjarasamning heyra um 7000 manns. Vísuðu samningsaðilar deilum sínum við SÍS til ríkissáttasemjara 27. maí 2024. Haldnir voru 16 fundir með samningsaðilum og skrifað var undir kjarasamning þessa sömu áðurnefndu nótt 13. júní 2024.

Snemmsumars höfðu verið haldnir 88 fundir með samninganefndum, búið var að undirrita kjarasamninga fyrir um það bil 10.300 af félagsfólki Sameykis og eftir var að ganga frá 12 kjarasamningum til viðbótar fyrir u.þ.b. 5.100 af félagsfólki. Rétt fyrir sumarleyfi hjá félagsfólki og starfsfólki Sameykis náðust loks kjarasamningar við Fríhöfnina ehf., Orkuveituna, Klettabæ ehf. og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Á haustdögum þann 10. september vísaði Sameyki kjaradeilu við Strætó bs. og SÍS til ríkissáttasemjara. Undir kjarasamningi Strætó bs. starfa um 270 af félagsfólki Sameykis en skrifað var undir nýjan kjarasamning 17. desember 2024.

Á tímabilinu frá miðjum ágúst og til 28. nóvember 2024 var gengið frá 6 kjarasamningum til viðbótar; Rúv ohf., Vinakot ehf., Ás styrktarfélag, Félagsbústaðir hf., Faxaflóahafnir sf. og Rarik ohf. með dyggri aðstoð trúnaðarmanna félagsins.

Helstu breytingar og hækkanir á launum með nýjum kjarasamningum eru eftirfarandi:

- 3,25% hækkun á fyrsta ári og svo 3,5% á ári frá 2025 til 2027
- Lágmarks krónutöluhækkun upp á kr. 23.750 á ári frá 2025 til 2027
- Vinnuvikan stytt úr 40 klst. í 36 klst.
- Orlofs- og desemberuppbætur hækkaðar

Kjaradeild Sameykis lauk nokkrum stofnanasamningum á árinu 2024 en vinna heldur áfram af krafti og er langt komin með suma þeirra. Í kjaradeild Sameykis er unnið við að óska eftir upplýsingum um fyrningu orlofs hjá vinnuveitendum, þ.e. hvort vinnuveitendur hafi fyrnt orlof í einhverjum tilvikum. Félagið lítur svo á að ef orlofsdagar hafa verið fyrndir þurfi að koma til greiðsla sem er ígildi þeirra orlofsdaga sem fyrndir voru.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

Tímarit Sameykis er helsta málgagn Sameykis, kemur út ársfjórðungslega og berst með pósti öllu félagsfólki. Lögð hefur verið áhersla á að í tímaritinu sé fjölbreytt efni, greinar, skoðanapistlar og viðtöl sem endurspegla samfélagsgerðina og skapa umræðu um mál sem varða félagsfólk. Fréttir, viðtöl og greinar eru að mestu leyti unnið á skrifstofu Sameykis.

Heimasíða Sameykis er fyrst og fremst þjónustuvefur og þar er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum Mínar síður. Afgreiðsla fjölmargra mála og erinda fer á degi hverjum í gegnum þann þjónustuvef. Skrifaðar fréttir á vef Sameykis voru á árinu 199 talsins, að meðaltali 3,8 skrifaðar fréttir í hverri viku sem telst nokkuð mikil upplýsingagjöf. Skoðanapistlar, greinar og viðtöl við félagsfólk og forystufólk Sameykis og samstarfsaðila þess sem birtust á vef félagsins voru 53 talsins, eða að meðaltali einu sinni í viku á árinu 2024.

Tímarit Sameykis

Tímarit Sameykis kemur út ársfjórðungslega og er unnið alfarið innanhúss hjá Sameyki ásamt öðru útgefnu efni; auglýsingum, ársskýrslu, Orlofsblaði Sameykis, vinnudagbók o.fl.

Vefur

Notendur sameyki.is voru á árinu 114.248 alls og komu þeir 298.604 sinnum í heimsókn á vefinn.

Heimsóknir á vef eftir kyni



Á vef Sameykis, sameyki.is, komu á tímabilinu janúar 2024 til desember 2024 65,3 prósent konur en 34,7 prósent karlar, flest á aldrinum 25-34 ára.

Samfélagsmiðlar

Sameyki var virkt á þremur samfélagsmiðlum; X, Facebook og Instagram á árinu. Þar vakti félagið athygli á viðburðum, fréttum og tilkynningum.

STYRKTAR- OG SJÚKRASJÓÐUR

Styrkir sem hækka verulega á milli ára eru, auk sjúkradagpeninga, styrkir vegna sálfræðings/félagsráðgjafa, styrkir vegna sjúkraþjálfunar, nudds og líkamsræktar. Líkamsræktarstyrkur hækkaði 1. janúar 2024 í kr. 25.000. Heildarupphæð úthlutaðra styrkja 2024 var kr. 93.102.615.-. Mismunur milli ára var kr. 21.627.394. Aukning um kr. 6.770.000 milli ára má skýra með hækkun styrksins í kr. 25.000, en restin skýrist af því að 764 fleiri styrkir til líkamsræktar voru greiddir á árinu 2024 en 2023.

Styrkir vegna sjúkraþjálfunar og -nudds jukust um kr. 7.694.361 milli ára en heildarupphæð þessa styrks var kr. 36.551.547 árið 2024, en árið 2023 kr. 28.857.186. Einnig er aukning í tannlæknastyrkjum, en greiddar voru úr sjóðnum kr. 66.472.115 árið 2024 en árið 2023 kr. 57.908.985 sem er aukning um kr. 8.563.130.

Greiðslur og umfang umsókna hefur aukist mjög milli ára. Hefur stjórn og starfsfólk sjóðsins því farið í endurskoðun úthlutunarreglna og samanburð á sambærilegum sjóðum hjá öðrum stéttarfélögum.

Verkefni

Verkefni sjóðsins er að taka á móti og afgreiða umsóknir félagsfólks um styrki vegna sjúkradagpeninga, sálfræðitíma, tíma hjá félagsráðgjafa, sjúkraþjálfunar, líkamsræktar, fæðingarorlofsstyrkja o.fl.

Útgreiðsla

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis afgreiddi 12.156 umsóknir á árinu 2024 sem er fjölgun um 1.251 afgreidda umsókn frá árinu 2023. Sjóðurinn greiddi á árinu alls kr. 738.589.831 í styrki sem er aukning um ríflega 13% frá árinu 2023.

Sjúkradagpeningar

Sjúkradagpeningar voru langstærsti liðurinn sem greiddur var úr sjóðnum. Samtals voru greiddar kr. 352.198.467 í sjúkradagpeninga árið 2024 sem er hækkun um tæplega 40 milljónir á milli ára eða um 13%. Fjöldi afgreiddra umsókna stendur í stað milli ára, sem vekur athygli.

12.156 umsóknir

12.156 umsóknir afgreiddar á árinu 2024 sem er fjölgun um 1.251 afgreiddra umsókna frá árinu 2023.

Kr. 738.589.831 útgreiðsla

Sjóðurinn greiddi á árinu alls kr. 738.589.831 í styrki sem er aukning um ríflega 13% frá árinu 2023.

Styrktar- og sjúkrasjóður

Heiti styrks	Upphæð styrks 2024	Greiddar umsóknir 2024	Upphæð styrks 2023	Greiddar umsóknir 2023	Breyting milli ára - upphæð	Breyting milli ára - fjöldi
Ættleiðing	146.400	1	0	0	146.400	1
Augnaðgerð	3.408.032	37	3.230.384	34	177.648	3
Dánarbætur	3.400.000	22	2.700.000	19	700.000	3
Fæðingarstyrkur	88.695.600	396	88.375.000	397	320.600	-1
Gleraugna- eða linsukaupastyrkur	13.903.717	796	15.159.916	839	-1.256.199	-43
Heilsustofnun	4.795.040	51	3.337.638	37	1.457.402	14
Heyrnartæki	5.859.291	41	6.557.802	47	-698.511	-6
Hjartavernd og Heilsuvernd - Áhættumat	1.434.010	72	1.740.000	87	-305.990	-15
Krabbameinsrannsóknir framh.	1.402.251	150	1.518.820	165	-116.569	-15
Krabbameinsskoðun	2.684.401	448	2.953.887	532	-269.486	-84
Líkamsrækt	93.102.615	4.149	71.475.221	3.385	21.627.394	764
Rannsókn / aðgerð - Ferðastyrkur	40.000	2	215.000	11	-175.000	-9
Sálfræðingur / félagsráðgjafi	53.442.334	2.232	46.814.338	1.915	6.627.996	317
Sérstakar aðstæður	2.757.141	7	354.989	5	2.402.152	2
Sjúkradagpeningar	352.198.467	819	312.529.573	819	39.668.894	0
Sjúkraþjálfun og -nudd	36.551.547	1.912	28.857.186	1.740	7.694.361	172
Tæknifrjóvgun	8.296.870	79	9.167.185	82	-870.315	-3
Tannlæknakostnaður	66.472.115	942	57.908.985	791	8.563.130	151
Samtals	**738.589.831**	**12.156**	**652.895.924**	**10.905**		

FRÆÐSLUSJÓÐIR

Einstaklingsstyrkir til félagsfólks

Á árinu 2024 voru afgreiddir 3.412 starfsmenntunarstyrkir til félagsfólks, en þeir voru 3.294 árið 2023. Styrkafgreiðslum fjölgar því um 118. Langmest er aukningin í styrkjaflokknum háskólanám, tæplega 8 milljónir á milli ára eða aukning um 7%. Athygli vekur að náms- og kynnisferðum erlendis og styrkjum vegna ráðstefna fækkar um samtals 97 umsóknir og er lækkunin í krónum um 5,5 milljónir. Aðrir starfsmenntunarstyrkir stóðu nánast í stað á milli áranna 2024 og 2023.

Starfsþróunar-styrkir

Á árinu 2024 voru afgreiddir 1.723 starfsþróunarstyrkir til félagsfólks, en voru 1.374 árið 2023. Styrkafgreiðslum fjölgar um 349 og útgjöldin aukast um tæplega 17%.

Þá voru á árinu 2024 afgreiddir 1.723 starfsþróunarstyrkir til félagsfólks, en þeir voru 1.374 árið 2023. Styrkafgreiðslum fjölgar því um 349 og útgjöldin aukast um tæplega 17%. Styrkir vegna háskólanáms eru 58% af öllum starfsþróunarstyrkjum og eykst sá flokkur um tæplega 10 milljónir á milli ára. Aukningin er mest í styrkjum vegna námskeiðsgjalda á milli ára en þar hækka útgjöld um 9,2 milljónir í tæplega 37 milljónir, sem er um 38% aukning. Einnig er töluverð aukning í afgreiðslu styrkja vegna skólagjalda sem eykst um ríflega 6 milljónir á milli ára.

Félagsfólk sem er í starfi sem krefst háskólamenntunar og starfar hjá Ás, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Skálatúni, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Strætó bs. getur sótt um styrki vegna vísindaverkefna og starfsþróunar. Afgreiddir voru 348 styrkir

á árinu, en þeir voru 395 árið 2023. Þegar heildarútgjöld eru skoðuð þá eru tæp 29% útgjalda vegna náms- og kynnisferða sem er lækkun um rúmlega 6 milljónir á milli ára. Styrkir vegna ráðstefnugjalda vega þyngst í styrkjum vegna vísindaverkefna eða um 37%. Styrkir vegna námskeiða aukast einnig um tvær milljónir á milli ára.

Stjórnir sjóða

Sjálfstæðar stjórnir eru yfir öllum sjóðum sem í samráði við starfsfólk Sameykis fara yfir og meta umsóknir félagsfólks. Stjórnirnar hittast að jafnaði einu sinn í mánuði eða um 10-12 sinnum yfir árið.

STYRKIR TIL STOFNANA, STARFSEININGA OG VINNUSTAÐA

Fræðslusjóður Sameykis

Eitt af verkefnum Fræðslusjóðs Sameykis er að úthluta fræðslustyrkjum til Reykjavíkurborgar, Félagsbústaða, Strætó bs., Faxaflóahafna, Waldorfskólans í Lækjarbotnum og annarra sem greiða í sjóðinn. Fræðslusjóður greiddi kr. 114.551.141 á árinu 2024 í stofnanastyrki, en kr. 94.081.291 á árinu 2023. Styrkir voru samtals 122 árið 2024 og fjölgaði um 54 styrki milli ára.

Framlag Fræðslusjóðs til starfsþróunarstyrkja var um 84,3 milljónir á árinu 2024 en stjórnin hefur falið stjórn Starfsmenntunarsjóðs að sjá um úthlutun starfsþróunarstyrkjanna. Fræðslusjóður úthlutaði rúmlega 48,8 milljónum til vísindaverkefna á árinu. Þá var framlag Fræðslusjóðs til starfsmenntunarstyrkja rúmlega 100 milljónir á árinu 2024.

Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis

Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis úthlutar styrkjum til stofnana, ráðuneyta og atvinnurekenda sem greiða í sjóðinn. Þetta eru Ás styrktarfélag, Fríhöfnin, Isavia, Klettabær, Matís, Rarik, ríkisstofnanir, ráðuneyti fyrir starfsfólk í FSS, SÁÁ, SFV - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignarstofnanir, Skálatún og Vinakot. Á árinu 2024 úthlutaði Þróunar- og símenntunarsjóður kr. 97.176.741, sem er aukning um tæpar 19 milljónir frá árinu 2023. Meðal þeirra sem fengu styrki voru ÁTVR, Ás hjúkrunarheimili, Barna- og fjölskyldustofa, Eir hjúkrunarheimili, Fiskistofa, Fjarskiptastofa, Grund, Grund hjúkrun, Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Hrafnista Hraunvangi, Hugverkastofan, Klettabær, Landhelgisgæslan, Landspítali, Lyfjastofnun, Matvælastofnun, Norræna húsið, Ríkislögreglustjóri, Sjúkratryggingar Íslands, Skatturinn, hin ýmsu sýslumannsembætti og Tryggingastofnun svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru sameiginleg verkefni Þróunar- og símenntunarsjóðs og Fræðslusetursins Starfsmenntar styrkt líkt og fyrri ár.

Eins og áður hefur stjórn Starfsmenntunarsjóðs séð um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja fyrir hönd stjórnar Þróunar- og símenntunarsjóðs og var framlag sjóðsins rúmlega 96 milljónir á árinu 2024, sem var hækkun um 18 milljónir frá árinu 2023.

Starfsmenntunarstyrkir

	2024		2023		Breyting milli ára	
Heiti styrks	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**Krónur**	**Fjöldi**
Námskeið	19.958.738	400	20.754.039	397	-795.301	3
Framhaldsskólanám	18.764.642	383	17.866.705	356	897.937	27
Háskólanám	117.021.304	1.526	109.288.043	1.402	7.733.261	124
Náms- og kynnisferðir erlendis	36.704.468	386	42.166.382	449	-5.461.914	-63
Lífsleikni / sjálfsstyrking	12.445.094	443	11.619.955	415	825.139	28
Námstengdur ferðastyrkur innanlands	1.097.100	39	732.000	27	365.100	12
Starfsréttindanámskeið	9.553.602	126	9.898.064	118	-344.462	8
Náms- og kynnisferðir innanlands	791.238	16	352.104	8	439.134	8
Ráðstefnur	3.357.406	87	3.338.967	121	18.439	-34
Raunfærnimat/staðfesting á færni	322.218	6	107.587	1	214.631	5
Samtals	**220.015.810**	**3.412**	**216.123.846**	**3.294**	**3.891.964**	**118**

Starfsþróunarstyrkir

	2024		2023		Breyting milli ára	
Heiti styrks	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**krónur**	**fjöldi**
Háskólanám tengt starfi	48.851.951	379	43.037.037	305	5.814.914	74
Námskeiðsgjald	33.619.877	309	24.386.635	212	9.233.242	97
Skólagjald	13.359.311	113	7.138.732	63	6.220.579	50
Ráðstefnugjald	26.637.960	236	26.450.500	239	187.460	-3
Háskólanám ótengt starfi	54.054.638	596	50.042.698	481	4.011.940	115
Staðarlota-ferðastyrkur	2.660.000	90	2.280.000	74	380.000	16
Samtals	**179.183.737**	**1.723**	**153.335.602**	**1.374**	**25.848.135**	**349**

Vísindaverkefni- starfsþróun

	2024		2023		Breyting milli ára	
Heiti styrks	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**krónur**	**fjöldi**
Námskeið-Vísindaverkefni	5.242.209	27	3.119.938	24	2.122.271	3
Háskólanám-Vísindaverkefni	11.301.464	61	10.364.616	56	936.848	5
Ráðstefnur-Vísindaverkefni	17.874.089	127	15.124.638	119	2.749.451	8
Náms- og kynnisferðir-Vísindaverkefni	13.937.051	102	17.354.996	148	-3.417.945	-46
Fræðibækur-Vísindaverkefni	383.574	28	528.290	43	-144.716	-15
Staðarlota-Ferðastyrkur-vísindaverkefni	90.000	3	150.000	5	-60.000	-2
Samtals	**48.828.387**	**348**	**46.642.478**	**395**	**2.185.909**	**-47**

Stofnanastyrkir

	2024		2023		Breyting milli ára	
Heiti styrks	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**Upphæð styrks**	**Fjöldi styrkja**	**krónur**	**fjöldi**
Starfsþróun stofnana	59.311.266	139	40.703.762	97	18.607.504	42
Stofnanir-námskeið	114.551.141	157	94.081.291	122	20.469.850	35
Samtals	**173.862.407**	**296**	**134.785.053**	**219**	**39.077.354**	**77**

FRÆÐSLUSTARF

Helstu fræðslutengdu verkefnin á árinu 2024 voru skipulagning trúnaðarmannafræðslu, Gott að vita námskeiðin, samstarf við fræðslumiðstöðvar, Fræðsla fyrir starfsfólk í BSRB-húsinu, þátttaka í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina (HFU) og starf með Framtíðarnefnd BSRB.

Sameyki tilnefnir einn fulltrúa af þremur fulltrúum BSRB í Starfsgreinaráð HFU. Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Á árinu fjallaði ráðið mest um lyfjatækna, fótaaðgerðafræðinga og stuðningsfulltrúa í skólum. Þá fékk ráðið kynningu á rafrænni ferilbók, gervigreind, raunfærnimati, námsbrautum sem heyra undir ráðið, aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu 2023–2026, stöðu íslenskukennslunnar sem annars tungumáls – hvar skórinn kreppir og hvaða leiðir eru til úrbóta, svo eitthvað sé nefnt.

Tilraunaverkefni fyrir starfsfólk í BSRB-húsinu hélt áfram á vorönn 2024 þar sem unnið var með aðgang að rafrænum námskeiðapakka Akademias sem var aðgengilegur í gegnum námsumsjónarkerfið Learncove. Mesta þátttakan var í þemanu um öryggismál og góð aðsókn að verklegri kennslu í skyndihjálp. Áskrift að rafrænum námskeiðum Akademias var ekki endurnýjuð.

Starf með Framtíðarnefnd BSRB fólst í að undirbúa vinnustofu um framtíð trúnaðarmannafræðslu sem var haldin 21. febrúar 2024 með fulltrúum úr hópi trúnaðarmanna allra aðildarfélaganna og tóku 12 trúnaðarmenn frá Sameyki þátt í vinnustofunni.

Á 47. þingi BSRB sem haldið var í október fór síðan fram málefnastarf og góð umræða í málefnahópi um framtíðarvinnumarkað, þar sem fjallað var um starfsþróun og menntamál og réttlát umskipti.

Gott að vita

Alls voru haldnir 72 Gott að vita viðburðir, fyrirlestrar og námskeið, fyrir félagsfólk Sameykis á árinu og þar af voru 25 í fjarnámi og 46 í staðnámi. Af þessum 72 voru 34 viðburðir frá 1 klst. upp í 2,5 klst. og 37 viðburðir frá 3 upp í 24 klst. Samtals var boðið upp á 281 námskeiðsstund og 504 námskeiðspláss voru nýtt af félagsfólki Sameykis. Þátttakendur sóttu m.a. námskeiðin ADHD og daglegt líf, Að mæta kvíða með samkennd, Að upplifa áföll, Fjallafjör, Fluguhnýtingar, Förðun og umhirða húðar, Gervigreind í daglegu lífi, Golf, Hver verður staða mín við starfslok, Inngangur að gervigreind, Jákvæð sálfræði og Yoga nidra, Kransakökunámskeið, Konfektnámskeið, Kyrrðargöngunámskeið, Lífeyrismál og starfslok, Lærðu að prjóna lopapeysu, Persónuleg fjármál, Ræktað undir ljósi, Spænska, Súrdeigsbrauð, Uppleið-HAM, Vegghengi, Vernd og viðhald fasteigna svo eitthvað sé nefnt.

Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er sú að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu. Sameyki telur mikilvægt að vinna að því með margvíslegum leiðum að efla félagsfólk í að tileinka sér hugarfar vaxtar og kveikja hjá því þekkingarþorstann.

Verkefnið er unnið í góðri samvinnu við Framvegis miðstöð símenntunar, Farskóla Norðurlands vestra, Símey, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Símenntun á Vesturlandi.

Gott að vita

Alls voru haldnir 72 Gott að vita viðburðir, fyrirlestrar og námskeið.

Tímalengd

Af 72 viðburðum voru 34 þeirra frá 1 klst. upp í 2,5 klst. og 37 viðburðir frá 3 upp í 24 klst.

281 námskeiðsstund

Félagsfólk sótti 281 námskeiðsstund á árinu með Gott að vita.

504 námskeiðspláss

Boðið var upp á 504 námskeiðspláss og voru þau nýtt af félagsfólki Sameykis.

TRÚNAÐARMANNAFRÆÐSLA

Áfram þarf að leggja áherslu á fræðslu um kjarasamninga, vinnurétt, hlutverk trúnaðarmanna og samskipti en bæta þarf inn fræðslu um fjölbreytileikann og menningarlæsi.

Haldin voru 34 námskeið, þar af voru 6 í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt og 28 í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu. Aukin eftirspurn er eftir fjölbreyttari nálgun á formi fræðslu fyrir trúnaðarmenn og hefur verið unnið að því að koma til móts við þessar kröfur trúnaðarmanna, bæði hvað varðar lengd námskeiða og form. Námskeiðin sem eru í samstarfi við Starfsmennt hafa ýmist verið á staðnum eða í gegnum Teams fjarfundi. Félagsmálaskóli alþýðu býður núna upp á staðnám, fjarnám á Zoom og vefnám þar sem nemandi horfir á upptökur og svarar spurningum þegar honum hentar. Á árinu 2024 nýttu trúnaðarmenn sér námskeiðssæti á 11 staðnámskeiðum, 16 fjarnámskeiðum og 7 vefnámskeiðum.

Alls voru 130 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum á ofangreindum námskeiðum. Meðal námskeiða sem boðið var upp á voru Nýliðafræðsla, Örugg tjáning í rafheimum og raunheimum, Krefjandi samskipti/aðstæður, Geðheilbrigði á vinnustað og uppskriftin að góðri geðheilsu, Streita og aðferðir við að ná tökum á henni, Kjarasamningar, starfsemi Sameykis og sjóðir, Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða, Að koma máli sínu á framfæri, Vinnuréttur, Veikinda- og slysaréttur, Lestur launaseðla, Uppsagnir og uppsagnarfrestur og Þjóðfélagið og vinnumarkaður.

Þá bauð ríkissáttasemjari einnig upp á námskeið fyrir samninganefndir sem voru vel sótt.

Nýting námskeiða

Á árinu 2024 nýttu trúnaðarmenn sér námskeiðssæti á 11 staðnámskeiðum, 16 fjarnámskeiðum og 7 vefnámskeiðum.

Alls voru 130 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum á námskeiðum hjá Félagsmálaskóla alþýðu og Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Framboð námskeiða

Alls voru 130 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum á ofangreindum námskeiðum. Meðal námskeiða sem boðið var upp á voru Nýliðafræðsla, Örugg tjáning í rafheimum og raunheimum, Krefjandi samskipti/aðstæður, Geðheilbrigði á vinnustað og uppskriftin að góðri geðheilsu, Streita og aðferðir við að ná tökum á henni, Kjarasamningar, starfsemi Sameykis o.fl.

ORLOFSSJÓÐUR SAMEYKIS

Sameyki á samtals 58 íbúðir og bústaði á Íslandi auk íbúða á Spáni, eða samtals 60 eignir. Félagið framleigði 16 eignir hér á landi árið 2024. Nýting orlofshúsa Sameykis sumarið 2024 var 90%.

Á árinu 2024 seldi Sameyki tvær af orlofseignum sínum, Akrasel og Skorradal en fjárfesti í þremur nýjum; á Húsavík, Egilsstöðum og í Reykjavík. Stefnt er á enn frekara endurskipulag á orlofshúsunum á komandi ári. Framkvæmdirnar á Úlfljótsvatni eru komnar vel á veg og gert er ráð fyrir að 7 af 12 húsum verði tilbúin til notkunar um næstu áramót. Árið 2025 mun einkennast af áframhaldandi uppbyggingu og endurbótum og gera má ráð fyrir að árið 2026 verði uppskeruár.

Vesturland

Sameyki á 27 orlofshús í landshlutanum. Eitt orlofshús í Svínadal Hvalfirði, tvö orlofshús í Húsafelli, tuttugu og tvö orlofshús í Munaðarnesi, eitt orlofshús í Selásum og eitt orlofshús á Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Norðurland

Sameyki á 6 orlofshús í landshlutanum. Tvö orlofshús í Hálöndum, tvær íbúðir á Akureyri, eitt í Kjarnaskógi og loks eitt parhús á Húsavík.

Austurland

Sameyki á 6 orlofshús að Eiðum og eitt á Egilsstöðum.

Suðurland

Sameyki á 12 orlofshús á Suðurlandi, þar af átta orlofshús í Vaðnesi og eitt orlofshús við Álftavatn. Þrjú orlofshús eru í Biskupstungum, þ.e. Úthlíð, Hólasetur í Fellskoti og Akrasel.

Reykjavík

Sameyki á fimm orlofsíbúðir í höfuðstaðnum; fjórar við Grandaveg og eina í Sóltúni.

Spánn

Sameyki á tvær eignir á Spáni. Önnur er orlofsíbúð í fjölbýlishúsi í nágrenni Alicante en hin er á Tenerife.

Orlofshús og íbúðir framleigðar af Sameyki á síðasta ári voru sem fyrr segir 16 eignir; fimm á Akureyri, ein í Hrísey, Bær III á Drangsnesi, Hólar í Hjaltadal, Hólmavík, Illugastaðir, Krossholt á Barðaströnd, Suðureyri, Stykkishólmur, Hellissandur og Einarsstaðir. Sameyki framleigir einnig eina íbúð á Spáni í Quesada í nágrenni Alicante.

Nýting orlofshúsa

Félagið framleigði 16 eignir hér á landi árið 2024. Nýting á orlofshúsum Sameykis sumarið 2024 var 90%.

Nýting orlofshúsa Sameykis 2024

Nafn eignar	Leigðir dagar	Framboð/ dagar	Nýting í %
Akrasel við Álftavatn	91	91	100%
Akureyri Holtaland 1	90	91	99%
Akureyri Holtaland 3	91	91	100%
Akureyri Kjalarsíða 1a (305)	70	70	100%
Akureyri Kjalarsíða 1B (202)	70	70	100%
Akureyri Kjalarsíða 1B (302)	70	70	100%
Akureyri Kjalarsíða 1B (402)	70	70	100%
Akureyri Kjalarsíða 1B (405)	63	70	90%
Akureyri Hamratún 26	83	91	91%
Akureyri Kjarnabyggð hús nr. 5	91	91	100%
Akureyri Skálatún 35	86	91	95%
Arnarstapi Sölvaslóð 7	91	91	100%
Bær III, Drangsnesi	77	84	92%
Eiðar hús nr: 5	56	91	62%
Eiðar hús nr: 10	42	91	46%
Eiðar hús nr: 11	49	91	54%
Eiðar hús nr: 12	48	91	53%
Eiðar hús nr: 13	47	91	52%
Eiðar hús nr: 14	56	91	62%
Einarsstaðir á Héraði hús nr. 8	21	91	23%
Einarsstaðir á Héraði hús nr. 12	21	91	23%
Einarsstaðir á Héraði hús nr. 23	21	91	23%
Einarsstaðir á Héraði hús nr. 19	84	91	92%
Hjallavegur, Suðureyri við Súgandafjörð	80	91	88%
Hólar í Hjaltadal - Nátthagi 20 - íbúð 201	70	77	91%
Hólasetur í Biskupstungum	91	91	100%
Hólmavík, Lækjartún 7	63	77	82%
Hrísey - Norðurvegur 7-11	70	91	77%
Húsafell Hraunbrekkur 4	91	91	100%
Húsafell Hraunbrekkur 6	91	91	100%
Illugastaðir hús nr: 5	84	91	92%
Klettsbúð 3, Hellissandur	70	77	91%
Krossholt, Barðaströnd	91	91	100%
Munaðarnes Bjarkarás 10 f/fat	85	91	93%
Munaðarnes Bjarkarás 3	91	91	100%
Munaðarnes Bjarkarás 5	91	91	100%
Munaðarnes Eyrarhlíð 30	82	91	90%
Munaðarnes Eyrarhlíð 33	80	91	88%
Munaðarnes Eyrarhlíð 34	74	91	81%
Munaðarnes Eyrarhlíð 46	91	91	100%
Munaðarnes Eyrarhlíð 47	82	91	90%
Munaðarnes Eyrarhlíð 48	87	91	96%
Munaðarnes Stekkjarhóll 72	80	91	88%
Munaðarnes Stekkjarhóll 73	85	91	93%
Munaðarnes Stekkjarhóll 74	81	91	89%
Munaðarnes Stekkjarhóll 75	79	91	87%
Munaðarnes Stekkjarhóll 77	77	91	85%
Munaðarnes Stekkjarhóll 78	84	91	92%
Munaðarnes Stekkjarhóll 79	79	91	87%
Munaðarnes Stekkjarhóll 80	84	91	92%
Munaðarnes Vörðuás 11	77	91	85%
Munaðarnes Vörðuás 12	80	91	88%
Munaðarnes Vörðuás 14	84	91	92%
Munaðarnes Vörðuás 17	83	91	91%
Norðurás 1 í Svínadal	77	91	85%
Reykjavík Grandavegur 42D - Íbúð 303	83	91	91%
Reykjavík Grandavegur 42G - Íbúð 303	74	91	81%
Reykjavík Grandavegur 45	72	91	79%
Reykjavík Sóltún 12	82	91	90%
Selásar 20 Borgarbyggð	91	91	100%
Skorradalur Vatnsendahlíð 223	91	91	100%
Spánn íbúð nr. 129 í Quesada	91	91	100%
Spánn Íbúð nr. 48 Los Arelanes	91	91	100%
Stykkishólmur Reitarvegur 2	86	91	95%
Úthlíð Skútabraut 1	91	91	100%
Vaðnes Bollagarðar 1	91	91	100%
Vaðnes Bollagarðar 2	84	91	92%
Vaðnes Bollagarðar 4	84	91	92%
Vaðnes Bollagarðar 5	88	91	97%
Vaðnes Bollagarðar 6	79	91	87%
Vaðnes Bollagarðar 8	82	91	90%
Vaðnes Bollagarðar 10	85	91	93%
Villa í Los Cristianos, Tenerife	84	91	92%
Alls			**90%**

NEFNDIR OG RÁÐ

Stjórn félagsins gerir tillögur um samninganefndir vegna hvers kjarasamnings og leggur fyrir trúnaðarmenn á hverju kjarasamningssviði til samþykktar eða synjunar. Fjöldi félaga í samninganefnd skal fara eftir stærð en þó aldrei vera fleiri en tólf einstaklingar. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefnda nema hann skipi annan í sinn stað. Við kjör samninganefndar skal þess gætt að í nefndina séu kjörnir fulltrúar ólíkra starfsgreina innan hvers kjarasviðs.

1

Samninganefndir

Þrettán nefndir voru skipaðar og starfandi fyrir kjarasamninga 2024 vegna kjarasamningsgerðar við Reykjavíkurborg, ríkið, Vinakot, Félagsbústaði, Strætó bs., Faxaflóahafnir, Rarik, Orkuveituna, Isavia, Samband íslenskra sveitarfélaga, Ás styrktarfélag, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Klettabæ.

2

Laganefnd

Laganefnd var starfandi á árinu og kom með tillögur um lagabreytingar fyrir aðalfund 2024.

3

Uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd var skipuð og starfaði á árinu 2024. Gerði hún tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn Orlofssjóðs, stjórn Starfsmenntunarsjóðs, stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs, stjórn Vinnudeilusjóðs og kjörstjórn. Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir Trúnaðarmannaráð. Aðrar nefndir á vegum Sameykis eru ekki bundnar í lögum félagsins, heldur ákveður Trúnaðarmannaráð hvaða fastanefndir skulu starfa og setur þeim reglur. Kosið er í nefndir á fundi Trúnaðarmannaráðs annað hvert ár.

4

Framtíðarvinnumarkaðsnefnd

Nefndin fjallar um breytingar á vinnumarkaði og áhrif þeirra á störf félagsfólks. Undir þetta fellur meðal annars fjórða iðnbyltingin, lýðfræðilegar breytingar sem tengjast aldurssamsetningu þjóðar og fjölþjóðlegra samfélagi, græna hagkerfið og hugsanlega fleiri þættir. Fulltrúar sem eiga sæti í nefndinni 2023 til 2025 eru Helga A. Þórðardóttir, Katrín Kristín Hallgrímsdóttir, Margrét T. Friðriksdóttir, Sveinfríður Högnadóttir og Styrmir Jónasson fulltrúi stjórnar. Jóhanna Þórdórsdóttir er starfsmaður nefndar.

5

Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndar er að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis og fylgjast með kynbundnum launamun. Vera vakandi fyrir kynbundinni mismunun á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar. Hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál innan Sameykis og utan. Fulltrúar sem eiga sæti í nefndinni 2023 til 2025 eru Guðbjörg Erna Erlingsdóttir - Faxaflóahafnir, Helga Bryndís Kristjánsdóttir - Frístundamiðstöðin Brúin, Jónína Sigríður Magnúsdóttir - Árbæjarlaug, Sigrún Ósk Arnardóttir - Frístundaheimilið Regnboginn, Trausti Jónsson - Þjónustumiðstöð Austur, Suzana Vranjes fulltrúi stjórnar. Jenný Þórunn Stefánsdóttir er starfsmaður nefndar.

6

Kjara- og starfsumhverfisnefnd

Nefndin stefndi á að fjalla um á tveggja ára tímabili eftirfarandi þætti: Heimavinnu, heimavinnusamninga, samræmingu frídaga milli ríkis og sveitarfélaga, aldursfordóma í þjóðfélaginu, verðmæti starfa og endurmat grunnlauna, styttingu vinnuvikunnar, loftslagsmál hjá fyrirtækjum/stofnunum, framtíðarvinnumarkaðinn, starfslokamál og sveigjanleika við starfslok, vaktavinnumál og vaktahvata, skattamál, persónuafslátt, tekjuskatt, bætur og skattarannsóknir. Fulltrúar sem eiga sæti í nefndinni 2023–2025 eru Ágústa Sigurðardóttir - Strætó bs., Birgir Sigurðsson - Ríkislögreglustjóri, Garðar Svansson - Fangavarðafélag Íslands, Guðbjörg Björnsdóttir - Hlíðaskóli, Herdís Jóhannsdóttir, fulltrúi stjórnar Fjármálaskrifstofa RVK, Helena Sigurbergsdóttir - Isavia, Höskuldur Einarsson - Vinnumálastofnun, Jón Brynjarsson - fulltrúi stjórnar Landspítali Háskólasjúkrahús, Ottó H. Guðmundsson - Sundlaug Grafarvogs, Pétur Karlsson - Strætó bs., Selma Sigurðardóttir - Bæjarskrifstofa Akraness. Ingólfur Björgvin Jónsson er starfsmaður nefndar.

7

Menningar- og viðburðanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að auka tengsl við félagsfólk með t.d. félagslegri samveru, skemmtunum og menningarviðburðum. Vera stefnumótandi um upplýsingamiðlun til félagsfólks, t.d. með útgáfu tímaritsins, efni á vef, þátttöku á samfélagsmiðlum o.fl. Eftirfarandi fulltrúar eiga sæti í nefndinni 2023 til 2025: Inga Lóa Steinarsdóttir Sýslumannsembættinu og Rut Ragnarsdóttir frá Borgarbókasafni, fulltrúi stjórnar Sameykis og formaður nefndar. Jakobína Þórðardóttir er starfsmaður nefndarinnar.

8

Umhverfis- og loftslagsnefnd

Hlutverk nefndar er að vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki. Koma með hugmyndir um hvernig Sameyki geti veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald við að vinna að umhverfis- og loftslagsmálum, hvernig Sameyki geti unnið að því að vera vistvænna í starfsemi sinni, hvernig félagið geti aukið meðvitund félagsfólks um umhverfis- og loftslagsmál og haft áhrif til vistvænni lifnaðarhátta. Fulltrúar sem eiga sæti í nefndinni 2023 til 2025 eru Aðalheiður S. Jörgensen - Sjúkratryggingar Íslands, Anna Pálína Jónsdóttir - Skógræktin Austurlandi, Bjarni Benedikt Bjarnason frá Umhverfis- og skipulagssviði, Pétur Ásbjörnsson frá Landspítala háskólasjúkrahúsi, Þorsteinn Jónsson frá Raunvísindastofnun HÍ, Kristín Erna Arnardóttir fulltrúi stjórnar. Jakobína Þórðardóttir er starfsmaður nefndar.

“

Hlutverk nefnda Sameykis er m.a. að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum, fylgjast með kynbundnum launamun á opinberum vinnumarkaði og hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál.

FULLTRÚAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM

20 fulltrúar Sameykis sátu í stjórnum, nefndum og starfshópum á vegum félagsins á starfsárinu. Fulltrúar eru annaðhvort kosnir eða skipaðir.

BSRB

Stjórn BSRB
Gunnsteinn R. Ómarsson

Kjaranefnd - BSRB
Kári Sigurðsson

Nefnd um afkomuöryggi - BSRB
Gunnsteinn R. Ómarsson
Herdís Jóhannsdóttir

Jafnréttisnefnd - BSRB
Kári Sigurðsson
Rut Ragnarsdóttir

Nefnd um almannaþjónustu - BSRB
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir

Heilbrigðisnefnd - BSRB
Gunnar Rúnar Matthíasson

Réttindanefnd - BSRB
Jenný Þórunn Stefánsdóttir

Framtíðarnefnd - BSRB
Jóhanna Þórdórsdóttir
Svanhildur Steinarsdóttir

Nefnd um lífeyrismál - BSRB
Gunnsteinn R. Ómarsson
Árni Stefán Jónsson

Fulltrúi BSRB í Starfsnefnd LSR
Jakobína Þórðardóttir

Stjórn Félagamiðstöðvarinnar Grettisgötu 89
Gunnsteinn R. Ómarsson

Orlofsmál

Stjórn ROM (Rekstrarfélag orlofsmála í Munaðarnesi)
Ólafur Hallgrímsson
Rut Ragnarsdóttir

Stjórn ROE (Rekstrarfélag orlofsmála á Eiðum)
Ingunn H. Þorláksdóttir

Lífeyrissjóðir

Stjórn LSR
Árni Stefán Jónsson

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs
Gunnsteinn R. Ómarsson

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)
Jakobína Þórðardóttir, varaformaður
Garðar Hilmarsson
Herdís Jóhannsdóttir varamaður

Úrskurðarnefnd um eftirlaun LsRb
Jakobína Þórðardóttir
Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Húsnæðismál

Stjórn Bjargs íbúðafélags
Árni Stefán Jónsson, varaformaður
Gunnsteinn R. Ómarsson, varamaður

Stjórn VR Blær leigufélag slhf.
Gunnsteinn R. Ómarsson

Stjórn Blævar leigufélags
Þórarinn Eyfjörð

Menntun og fræðsla

Stjórn Framvegis símenntunarmiðstöðvar
Jóhanna Þórdórsdóttir, formaður
Jakobína Þórðardóttir
Bryngeir Arnar Bryngeirsson
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, varamaður

Stjórn Starfsmenntar
Jóhanna Þórdórsdóttir, formaður

Úthlutunarnefnd þróunarverkefna Fræðslusjóðs
Jóhanna Þórdórsdóttir

Aðrar nefndir og stjórnir

1. maí nefnd Reykjavík
Gunnsteinn R. Ómarsson
Axel Jón Ellenarson

Stjórn RUR (Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu)
Þórarinn Eyfjörð

Stjórn Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja
Ingibjörg Óskarsdóttir

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina
Jóhanna Þórdórsdóttir

Norrænt samstarf

NOFS (Nordens Offentliganställdas ackliga Samorganisation)
Þórarinn Eyfjörð
Ingibjörg Sif Sigríðardóttir
Gunnsteinn R. Ómarsson

NSO (Nordiska statstjänstemanna organisationen)
Þórarinn Eyfjörð
Gunnsteinn R. Ómarsson

NTR (Nordisk tjenestemandsråd)
Jakobína Þórðardóttir

Norræn samtök NFS
Þórarinn Eyfjörð
Gunnsteinn R. Ómarsson

SAMEYKI